

Handbók fyrir fagaðila Örorkulífeyrir og sambætt sérfræðimat

Útgefið 11. september 2025. Útgáfa 1.0

Ábyrgð: Örorkusvið TR





Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Breytt verklag og mat á færni: áhrif laga nr. 104/2024	4
Hugtök	5
Örorkulífeyrir	5
Hlutaörorkulífeyrir	5
Samþætt sérfræðimat	5
Færnimat	5
Þjónustulokaskýrsla	5
Sérfræðingur	6
Fagaðili	6
Virknistyrkur.....	6
Málastjóri.....	6
Frítekjumark.....	6
Ráðstöfunarfé	7
Örorkustyrkur	7
Örorkuskírteini	7
Skilyrði fyrir örorku- og hlutaörorkulífeyri	7
Almenn skilyrði örorku- og hlutaörorkulífeyrisgreiðsla	7
Búsetuskilyrði	8
Dvalarleyfi og réttindi flóttamanna- sérreglur.....	9
Umsóknarferlið	10
Hlutverk fagaðila	11
Frekari gögn.....	11
Samþætt sérfræðimat	12
Samþætt sérfræðimat og ICF- hugmyndafræðin	13
Niðurstaðan samþætts sérfræðimats.....	14
Örorkulífeyrir.....	14
Hlutaörorkulífeyrir.....	15
Virknistyrkur	15
Synjun	15
Geta til virkni á vinnumarkaði metin yfir 50%- Synjun	16
Endurhæfing ekki fullreynd- Synjun	16
Greiðslur	17
Greiðslutímabil	17



Greiðslur falla niður	17
Ráðstöfunarfé	17
Fjárhæðir og frítekjumörk	18
Viðbótargreiðslur	19
Heimilisuppbót	19
Aldursviðbót	20
Barnalífeyrir	20
Barnalífeyrir vegna náms	20
Örorkustyrkur	21
Nytsamlegir hlekkir	21



Inngangur

Tilgangur handbókar um örorku- og hlutaörorkulífeyri er að veita fagaðilum upplýsingar og leiðbeiningar um rétt einstaklinga til örorku- og hlutaörorkulífeyrisgreiðslna, ferli umsókna, framkvæmd samþætts sérfræðimats, öflun gagna og túlkun á niðurstöðum matsins.

Handbókinni er jafnframt ætlað að vera hagnýtt verkfæri fyrir þá fagaðila sem koma að undirbúningi og skráningu gagna sem eru nauðsynleg vegna umsóknar um örorkulífeyri og samþætts sérfræðimats.

Handbókin er í stöðugri endurskoðun og verður uppfærð jafnóðum.

Verklag byggir á lögum um almennatryggingar, nr. 100/2007, lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007, lögum um breytingar á ýmslum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyris almennatrygginga nr. 104/2024 og reglugerð um framkvæmt samþætts sérfræðimats nr 934/2025

Breytt verklag og mat á færni: áhrif laga nr. 104/2024

Þann 22. júní 2024 voru samþykkt lög nr. 104/2024 um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almennatrygginga. Lögin tóku gildi 1. september 2025 og fela í sér umfangsmiklar breytingar á mati á örorku og réttindum einstaklinga til örorkulífeyris og hlutaörorkulífeyris.

Helstu markmið laganna eru að bæta afkomu einstaklinga með örorku, einfalda örorkukerfið, auka gagnsæi, draga úr tekjutengingum, hvetja til virkni og þátttöku á vinnumarkað.

Í stað hefðbundins læknisfræðilegs örorkumats er tekið upp samþætt sérfræðimat, sem er heildrænt mat á getu einstaklings til virkni í samfélaginu, þar á meðal til atvinnuþátttöku.

Niðurstaða samþætts sérfræðimats getur verið:

- Örorka, þegar geta til virkni á vinnumarkaði er metin 0- 25%,
- Hlutaörorka, þegar geta til virkni á vinnumarkaði er metin 26-50%,



- Synjun örorku þegar geta til virkni á vinnumarkaði er metin meiri en 50% eða þegar ekki er tímabært að taka afstöðu til varanlegra skerðingaráhrifa heilsubrests eða fötlunar á getu til virkni á vinnumarkaði, þar sem fyrirbyggjandi gögn sýna að endurhæfing hefur ekki verið fullreynd.

Örorka eða hlutaörorka er samþykkt varanlega (eða til 67 ára aldurs) eftir 1. september 2025. Ekki verður um tímabundið mat að ræða líkt og áður tíðkaðist.

Hugtök

Örorkulífeyrir

Greiðslur til einstaklinga á aldrinum 18 ára til 67 ára sem hafa verið metnir með minna en $\geq 25\%$ getu til virkni á vinnumarkaði samkvæmt samþættu sérfræðimati.

Hlutaörorkulífeyrir

Greiðslur til einstaklinga á aldrinum 18 ára til 67 ára sem hafa verið metnir með 26 - 50% getu til virkni á vinnumarkaði samkvæmt samþættu sérfræðimati.

Samþætt sérfræðimat

Heildrænt og þverfaglegt mat á getu einstaklings til virkni á vinnumarkaði. Matið byggir á upplýsingum frá fagaðilum og umsækjanda sjálfum, með tilliti til færni, fötlunar, heilsu, aðstæðna og umhverfis.

Færnimat

Mat fagaðila á getu einstaklings til að framkvæma daglegar athafnir, taka þátt í samfélagi og sinna starfi, með hliðsjón af heilsufari, umhverfisþáttum og persónulegum aðstæðum. Færnimat er hluti af samþættu sérfræðimati.

Þjónustulokaskýrsla

Greinargerð umsjónaraðila meðferðar eða endurhæfingar um framvindu, árangur og lok þjónustu við umsækjanda. Þjónustulokaskýrsla getur falið í sér færnimat eða verið hluti af færnimati. Þjónustulokaskýrsla getur verið er hluti af samþættu sérfræðimati.



Sérfræðingur

Sérfræðingur í matsferli samþætts sérfræðimats er heilbrigðismenntaður starfsmaður Tryggingastofnunar sem kemur að öllum matsferlum samþætts sérfræðimats.

Fagaðili

Fagaðili er heilbrigðismenntaður fagaðili sem starfar utan Tryggingastofnunar getur fyllt út færnimat.

Virknistyrkur

Einstaklingar sem hafa verið metnir með 26-50% getu til virkni á vinnumarkaði samkvæmt samþættu sérfræðimati geta sótt um virknistyrk hjá Vinnumálastofnun. Virknistyrkur greiðist í allt að 24 mánuði í senn eða á meðan einstaklingur er í virkri atvinnuleit með stuðningi Vinnumálastofnunar. Sjá frekari upplýsingar á vefsíðu Vinnumálastofnunar (<https://island.is/virknistyrkur>).

Málastjóri

Málastjóri er sérfræðingur Tryggingastofnunar sem heldur utan um mál umsækjanda sem er að sækja um örorkulífeyri. Málastjóri tryggir að öll nauðsynleg gögn liggi fyrir og veitir leiðbeiningar um ferlið. Málastjóri heldur umsækjanda upplýstum um stöðu umsóknar og tryggir einnig að hann fái upplýsingar um niðurstöðu matsins. Umsækjandi fær tilkynningu um nafn málastjóra eftir móttöku umsóknar

Frítekjumark

Sú fjárhæð sem einstaklingur má hafa í tekjur án þess að greiðslur örorku- eða hlutaörorkulífeyris skerðist.



Ráðstöfunarfé

Greiðsla sem einstaklingur getur átt rétt á þegar örorkulífeyrisgreiðslur falla niður tímabundið vegna dvalar á stofnun eða refsivistar. Upphæðin er tekjutengd.

Örorkustyrkur

Greiðsla til einstaklinga sem voru metnir með 50–74% örorku samkvæmt eldra kerfi eða fyrir 1. september 2025. Styrkurinn var ætlaður þeim sem bera verulegan kostnað vegna örorku. Örorkustyrkur verður ekki veittur eftir 1. september 2025.

Örorkuskírteini

Örorkuskírteini fá einstaklingar sem hafa verið metnir örorku- eða hlutaörorkulífeyri samkvæmt samþættu sérfræðimati og eru yngri en 67 ára. Örorkuskírteini veitir ýmiss konar fríðindi hjá fjölmörgum fyrirtækjum og stofnunum á Íslandi.

Skilyrði fyrir örorku- og hlutaörorkulífeyri

Heimilt er að greiða örorku- og hlutaörorkulífeyri til einstaklinga að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum.

Almenn skilyrði örorku- og hlutaörorkulífeyrisgreiðsla

- Einstaklingur sé orðinn 18 ára og hafi ekki náð ellilífeyrisaldri (67 ára).
- Endurhæfing eða viðurkennd meðferð, sem miðar að aukinni færni til atvinnuþátttöku skal vera fullreynd og ástand umsækjanda skal vera orðið stöðugt eða lotubundið til langframa.
- Geta til virkni á vinnumarkaði skal vera metin samkvæmt **samþættu sérfræðimati**. *(Tryggingastofnun er heimilt að víkja frá skilyrði um samþætt sérfræðimat ef slíkt mat er bersýnilega óþarft að mati stofnunarinnar).*
 - Réttur til örorkulífeyris er bundinn því skilyrði að geta umsækjanda til virkni á vinnumarkaði sé samkvæmt samþættu sérfræðimati metin **25% eða minni**.
 - Réttur til hlutaörorkulífeyris er bundinn því skilyrði að geta umsækjanda til virkni á vinnumarkaði sé samkvæmt samþættu sérfræðimati metin **26% til 50%**.



- Einstaklingur þarf að hafa haft lögheimili á Íslandi samfelldt síðustu þrjú ár áður en til greiðslna getur komið, nema annað leiði af milliríkjasamningum (sjá nánar í kafla um *búsetuskilyrði*).
- Ef umsækjandi á réttindi hjá lífeyrissjóði þarf að liggja fyrir staðfesting frá lífeyrissjóði um að sótt hafi verið um þau réttindi úr lífeyrissjóði.

Búsetuskilyrði

Auk almennra skilyrða þarf umsækjandi að uppfylla búsetuskilyrði samkvæmt almennatryggingarlögum.

Almennt gildir þriggja ára reglan, hún kveður á um að umsækjandi hafi átt skráð lögheimili á Íslandi samfelldt í þrjú ár. Hins vegar eru ákveðnar undantekningar á þessari reglu, þær eru:

- **Aldursreglan.** Hún á við um einstaklinga yngri en 20 ára. Samkvæmt henni mega einstaklingar sem uppfylla ekki þriggja ára regluna en eru yngri en 20 ára og hafa átt skráð lögheimili á Íslandi við 18 ára aldur fá metna örorku. Í þeim tilvikum þarf örorkumatið að gilda frá 18 ára aldri, sækja þarf því um afturvirkt frá þeim degi sem viðkomandi varð 18 ára.
- **20 ára reglan.** Samkvæmt henni er búsetuskilyrði uppfyllt eftir einungis 12 mánaða samfellda búsetu á Íslandi ef umsækjandi hefur átt skráð lögheimili á Íslandi í að minnsta kosti 20 ár eftir 16 ára aldur.
- **5+5 reglan.** Samkvæmt henni er búsetuskilyrði uppfyllt eftir einungis 12 mánaða samfellda búsetu á Íslandi ef umsækjandi hefur átt skráð lögheimili á Íslandi í að minnsta kosti fimm ár eftir 16 ára aldur og búseta erlendis var ekki lengri en fimm ár.
- **Samlagningarreglan.** Heimilt er að leggja saman búsetu á Íslandi og í öðrum EES-löndum, Færeyjum, Grænlandi, Sviss, Bretlandi, Bandaríkjunum eða Kanada til að uppfylla lágmarksbúsetu (gildir aðeins ef umsækjandi er ríkisborgari í þessum löndum, ríkisfangslaus eða flóttamaður).



- Ef samlagningarreglan er notuð fær umsækjandi ekki fullan framreikning samkvæmt íslenskum lögum, heldur hlutfallslegan útreikning eftir reglum Evrópuréttar eða tvíhliða samninga.
- Umsækjandi þarf að hafa verið búsettur að lágmarki í eitt ár á Íslandi frá 16 ára aldri til að teljast uppfylla búsetuskilyrði með samlagningarreglunni.
 - **Vinnumarkaðsskilyrðið.** Til þess að umsækjendur sem hafa verið búsettir á Íslandi skemur en þrjú ár frá 16 ára aldri geti nýtt sér samlagningarreglu EES-réttar þurfa þeir að sýna fram á órofna þátttöku á vinnumarkaði í viðkomandi EES-ríki. Í tilviki Bandaríkjanna þarf auk búsetu að uppfylla skilyrði um að hafa starfað í að minnsta kosti eitt ár á Íslandi

Dvalarleyfi og réttindi flóttamanna- sérreglur

Starfsfólk Tryggingastofnunar skoðar á hvaða grundvelli dvalarleyfi umsækjanda er. Til þess að umsækjandi geti notið undanþágu sem flóttamaður verður að afla upplýsinga um dvalarleyfi hjá Útlendingastofnun. Dvalarleyfi geta verið mismunandi eftir aðstæðum einstaklinga og haft mislangan gildistíma. Hægt er að lesa nánar um dvalarleyfi á [vefsvæði Útlendingastofnunar](https://www.island.is/vefsvaeði-utlendingastofnunar) á island.is.

Réttindi hjá Tryggingarstofnun geta verið mismunandi eftir tegund dvalarleyfis. Oftast er um að ræða dvalarleyfi með merkingunum AV eða ML.


- *Dvalarleyfi með merkingunum AV:* Einstaklingur fær dvalarleyfi á grundvelli alþjóðlegrar verndar en þessi dvalarleyfi skiptast niður í mismunandi flokka. Ekki allir AV-flokkarnir veita fullan rétt á greiðslum frá TR. Um einstaklinga með AV 1 – 4 gildir undanþága um inngönguskilyrði.

Einstaklingur sem er **ekki** með AV 1-4 skal eins og aðrir hafa haft lögheimili og vera tryggður á Íslandi samfelldt í 12 mánuði.

- *Dvalarleyfi með merkingu ML:* Einstaklingur fær dvalarleyfi af mannúðarástæðum og nýtur þar af leiðandi ekki alþjóðlegrar verndar. Fær ekki undanþágu frá inngönguskilyrðum almannatrygginga.



Umsóknarferlið



Mynd 1: Umsóknarferli Örorku- og hlutaörorkulífeyrisgreiðslna

Umsækjandi sækir um örorkulífeyri í gegnum island.is. Ferlið felur í sér að:

- Fylla þarf út umsókn sem inniheldur sjálfsmatslista og tekjuáætlun.
- Læknir skilar inn læknisvottorði vegna samþætts sérfræðimats
- Læknir eða annar fagaðili skilar inn færnimati fagaðila, ef við á.

Ekki er hægt að senda umsóknina til Tryggingastofnunar nema læknisvottorð liggi fyrir, þ.e. læknisvottorðið hefur verið gert aðgengilegt í gegnum þjónustugáttina.

Í umsóknarferlinu á island.is fær umsækjandi leiðbeiningar um að sækja um örorkulífeyri hjá lífeyrissjóðum ef slík réttindi eru til staðar. Tryggingastofnun getur nálgast staðfestingu á því að sótt hafi verið um hjá lífeyrissjóðum.

Þegar umsókn hefur verið móttækin fær umsækjandi staðfestingu á móttöku gagna og skilagreini þar sem fram kemur yfirlit yfir innihald gagna sem er skilað inn. Þar kemur jafnframt fram að umsækjanda verði úthlutað málstjóra sem mun fylgja málinu eftir og tryggja að öll nauðsynleg gögn og upplýsingar séu fyrirbyggjandi. Þegar gögn hafa verið yfirfarin, fær umsækjandi sent bréf þar sem fram kemur nafn málstjóra, ásamt beiðni um frekari gögn ef þörf er á þeim.



Tryggingarstofnun er heimilt að afla frekari upplýsinga ef þurfa þykir, t.d. þjónustulokaskýrslu eða færnimati ef umsækjandi hefur áður verið í viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu. Einnig getur umsækjandi verið kallaður í mat til heilbrigðismenntaðra fagaðila og eða sérfræðinga hjá Tryggingastofnun.

Hlutverk fagaðila

Læknir umsækjanda ber ábyrgð á því að skila inn læknisvottorði fyrir samþætt sérfræðimat til Tryggingastofnunar. Læknir getur jafnframt skilað inn færnimati ef hann telur sig hafa forsendur til að svara því. Læknisvottorð og færnimat verður aðgengilegt í Sögukerfi. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar og eyðublöð á [fagðilasíðu Tryggingastofnunar](#).

Ef umsækjandi hefur áður verið á sjúkra- eða endurhæfingarlífeyrisgreiðslum, er óskað eftir að sá þjónustuaðili sem sinnt hefur eða haft umsjón með meðferð eða endurhæfingu umsækjanda skili inn færnimati og þjónustulokaskýrslu.


Frekari gögn

Umsækjandi er upplýstur um að Tryggingastofnun muni sækja rafrænar upplýsingar frá öðrum stofnunum, eftir því sem nauðsyn krefur, til að meta rétt til greiðslna. Þetta getur meðal annars átt við um:

- skattframtöl og tekjuupplýsingar
- upplýsingar frá Vinnumálastofnun, lífeyrissjóðum eða frá heilbrigðiskerfinu
- skráðar tryggingaupplýsingar og búsetusögu



Samþætt sérfræðimat



Mynd 2: Ferli samþætts sérfræðimats

Samþætt sérfræðimat er heildrænt, þverfaglegt mat á getu til virkni á vinnumarkaði. Það er grundvöllur mats á örorku- og hlutaörorkulífeyri.

Matið er framkvæmt af sérfræðingum Tryggingastofnunar og byggir á gögnum frá fagaðilum og umsækjanda sjálfum (læknisvottorði vegna samþætts sérfræðimats, færnimati fagaðila, sjálfsmati umsækjanda og öðrum greinargerðum t.d. þjónustulokaskýrslum ef við á). Skerðing á getu til virkni þarf að vera tilkomin vegna heilsubreysts eða fötlunar (ICD greining).

Matið tekur mið af þáttum sem lúta að:

- Færni, fötlun og heilsu
- Félagslegum og persónulegum aðstæðum
- Atvinnusögu og þátttöku í atvinnuleit
- Árangri eða möguleikum til frekari meðferðar og endurhæfingar

Allar upplýsingar eru metnar í samhengi við getu og virkni umsækjanda til þátttöku í samfélaginu, því umhverfi sem hann býr við og aðstæður.




- Sjá nánar um [sambætt sérfræðimat](#)

Sambætt sérfræðimat og ICF- hugmyndafræðin

Sambætt sérfræðimat byggir á hugmyndafræði ICF (*International Classification of Functioning, Disability and Health*) sem gefið er út af

Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. ICF byggir á líffræðilegri, sálfræðilegri og félagslegri nálgun (*bio-psycho-social model*), þar sem litið er til samspils heilsu, aðstæðna og umhverfis, sjá mynd 3.



Mynd 3: ICF alþjóðlegt flokkunarkerfi um færni, fötlun og heilsu

Með ICF-kerfinu er unnt að flokka og skrá færni með tilliti til líkamlegs atgervis, færni til athafna og þátttöku auk þess að fá yfirlit umhverfispátta sem auka eða draga úr möguleikum fólks til að gegna samfélagslegum hlutverkum. Í hugmyndafræði ICF og sambætta sérfræðimatsins er því ekki einungis horft til læknisfræðilegra greininga heldur einnig:

- Líkamsstarfsemi (*b-þætti*): líkamleg, vitræn og geðræn skerðing.
- Athafnir og þátttaka (*d-þætti*): færnivandi í daglegu lífi og á vinnumarkaði.
- Umhverfispátta (*e-þætti*): stuðningur eða hindranir í umhverfi.
- Persónubundinna þátta (*p-þætti*): sem geta ýmist stutt eða hindrað virkni.



Niðurstaðan samþætts sérfræðimats

Í Samþættu sérfræðimati eru sérvælin atriði úr ICF sem talin eru viðeigandi til að meta getu til virkni á almennum vinnumarkaði.

Þessi atriði eru metin á fimm punkta kvarða (*0 = engin skerðing/vandi, 4 = algjör skerðing/vandi*). Lýsingar með kvarðanum fyrir hvert atriði *b-* og *d-þátta* auk tillaga að viðeigandi spurningum fyrir hvert atriði má sjá fylgiriti [á fagaðilasiðu Tryggingarstofnunar](#) og í viðauka við [reglugerð um framkvæmd samþætts sérfræðimats nr. 934/2025](#)

Niðurstaða samþætts sérfræðimats ræðst af því hversu mikil skerðing er á getu umsækjanda til virkni á vinnumarkaði.

- Geta til virkni á vinnumarkaði er metin undir 25% → Réttur til fulls örorkulífeyris
- Geta til virkni á vinnumarkaði er metin 26–50% → Réttur til hlutaörorkulífeyris
- Geta til virkni á vinnumarkaði er metin yfir 50% → Synjun á örorkulífeyri
- Endurhæfing eða læknismeðferð ekki fullreynd → Ekki er tekin afstaða til varanlegrar skerðingar til virkni á vinnumarkaði. Umsækjandi getur verið óvinnufær að svo stöddu, en ekki uppfyllt skilyrði örorkulífeyrisgreiðsla fyrr en frekari endurhæfing eða meðferð hefur farið fram → Synjun á örorkulífeyri

Niðurstaða samþætts sérfræðimats er birt umsækjanda í bréfi ásamt ítarlegum rökstuðningi og upplýsingum um næstu skref. Umsækjandi getur óskað eftir viðtali við málastjóra og sérfræðing Tryggingarstofnunar til að fara frekar yfir niðurstöður matsins.

Örorkulífeyrir

Ef niðurstaða samþætts sérfræðimats er að geta einstaklings til virkni á vinnumarkaði sé undir 25%. Þetta þýðir að heilsubrestur eða fötlun skerðir getu einstaklings verulega og viðkomandi telst ekki fær um að taka þátt í atvinnulífi að litlu marki, þrátt fyrir tilraunir til meðferðar, endurhæfingar eða annarrar virkni.



Fullur réttur er til örorkulífeyrisgreiðsla að öðrum skilyrðum uppfylltum. Matið er varanlegt, fram að ellilífeyrisaldri (67 ára). **Greiðslur eru tekjutengdar** og miðast við réttindahlutfall (*sjá nánar í köflum um greiðslur og reiknireglur*).

- Sjá nánar um [fjárhæðir og frítekjumörk örorkulífeyris](#)

Hlutaörorkulífeyrir

Ef niðurstaða samþætts sérfræðimats er að geta einstaklings til virkni á vinnumarkaði er metin á bilinu 26–50%. Þetta þýðir að þrátt fyrir skerðingu á starfsgetu vegna heilsubrests eða fötlunar getur viðkomandi unnið hlutastarf að einhverju marki. Matið tekur tillit til þess að einstaklingurinn þurfi mögulega aðlagðar aðstæður, stuðning eða sveigjanleika til að geta tekið þátt í virkni á vinnumarkaði vegna fötlunar eða langvarandi heilsubrests.

Fullur réttur er til hlutaörorkulífeyrisgreiðsla að öðrum skilyrðum uppfylltum. Matið er varanlegt fram að ellilífeyrisaldri (67 ára). Greiðslur eru **tekjutengdar** og miðast við réttindahlutfall og búsetutíma (*sjá nánar í köflum um greiðslur og reiknireglur*).

- Sjá nánar um [fjárhæðir og frítekjumörk hlutaörorkulífeyris](#):

Virknistyrkur

Einstaklingar sem hafa verið metnir með 26–50% starfsgetu samkvæmt samþættu sérfræðimati og fá greiddan hlutaörorkulífeyri, geta átt rétt á virknistyrk frá *Vinnumálastofnun* ef þeir eru án atvinnu og í atvinnuleit á vegum Vinnumálastofnunar. Þegar einstaklingur er kominn með starf hjá Vinnumálastofnun fellur virknistyrkurinn niður.

- Sjá nánar um [virknistyrk](#)

Synjun

Umsækjandi sem fær synjun á greiðslum örorku- eða hlutaörorkulífeyris getur óskað eftir rökstuðningi eða kært ákvörðun Tryggingastofnunar til [Úrskurðarnefndar almannatrygginga](#).



Kæra skal vera skrifleg og skal hún berast innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Úrskurðarnefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en tveimur mánuðum frá því að málið berst nefndinni.

Ef einstaklingur þarf aðstoð við kærumeðferð, getur hann leitað til hagsmunasamtaka, s.s. [Öryrkjabandalags Íslands](#) eða [Sjálfshjargar](#), eftir aðstoð og ráðgjöf.

Geta til virkni á vinnumarkaði metin yfir 50%- Synjun

Ef niðurstaða samþætts sérfræðimats er að geta einstaklings til virkni á vinnumarkaði er yfir 50% telst viðkomandi hafa fulla getu til virkni á vinnumarkaði og uppfyllir því ekki skilyrði fyrir örorku- eða hlutaörorkulífeyri. Umsókn er því synjað.

Umsækjandi getur leitað til [Vinnumálastofnunar](#) eða annarra stuðningskerfa ef þörf er á aðstoð við atvinnuleit.

Endurhæfing ekki fullreynd- Synjun

Niðurstaða mats getur verið að endurhæfing eða viðurkennd meðferð sé ekki fullreynd. Þá er ekki hægt að taka afstöðu til varanlegrar skerðingar á starfsgetu. Umsækjandi getur verið óvinnufær að svo stöddu, en ekki uppfyllt skilyrði örorkulífeyrisgreiðsla fyrr en frekari endurhæfing eða meðferð hefur farið fram.

Hægt er að kynna sér handbók fyrir fagaðila um sjúkra og endurhæfingarlífeyrisgreiðslur á [fagaðilasíðu Tryggingarstofnunar](#)

Viðkomandi getur átt rétt á:

- [Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur](#) ef hann uppfyllir skilyrði
- nýju samþættu sérfræðimati síðar, eftir að endurhæfing eða meðferð hefur átt sér stað og umsækjandi ekki færst nær vinnumarkaði.



Greiðslur

Greiðslutímabil

Réttur til greiðslna örorku- og hlutaörorkulífeyris myndast frá fyrsta degi næsta mánaðar frá þeim degi sem umsækjandi telst uppfylla skilyrði til örorku- eða hlutaörorkulífeyris. Réttur til greiðslna örorku- og hlutaörorkulífeyris er að hámarki tvö ár aftur í tímann, ef fyrirliggjandi gögn styðja skilyrði fyrir mati á þeim tíma. Greiðslur eru greiddar fyrirfram fyrsta dag næsta mánaðar eftir að skilyrði eru uppfyllt.

Hægt að óska eftir greiðslum í einu lagi einu sinni á ári eftir að endanlegar upplýsingar um tekjur umsækjanda eða greiðsluþega á árinu liggja fyrir við álagningu skattyfirvalda á opinberum gjöldum.

Heimilt er, að ósk umsækjanda eða greiðsluþega, að fresta greiðslum.

Greiðslur falla niður

Greiðsluréttur til örorku- og hlutaörorkulífeyris fellur niður þegar skilyrði eru ekki lengur uppfyllt skilyrði (*sjá kafla um skilyrði örorku- og hlutaörorkulífeyris*).

Greiðslur eru stöðvaðar í lok þess mánaðar sem réttur fellur niður. Í stað örorku- eða hlutaörorkulífeyris getur einstaklingur átt rétt á ráðstöfunarfé ef hann uppfyllir ákveðin skilyrði.

Ráðstöfunarfé

Dvöl á stofnun

Dvelji einstaklingur sem fær örorku-eða hlutaörorkulífeyri samfelld yfir mánuð á sjúkrahúsi sem er á föstum fjárlögum og dvölin hefur varað meira en sex mánuði á síðustu tólf mánuðum falla greiðslur niður. Greiðslur fara aftur í gang frá fyrsta degi mánaðar sem viðkomandi útskrifast, staðfesting þarf að koma frá sjúkrastofnun eð heimili.

- Sjá nánar um [ráðstöfunarfé vegna dvalar á stofnun](#)



Fangelsisvist

Afpláni einstaklingur sem fær örorku- eða hlutörorkulífeyrisgreiðslur refsingu í fangelsi eða komi sér viljandi undan því að afplána refsingu skulu allar greiðslur til hans falla niður. Þegar greiðslur falla vegna afplánunar getur viðkomandi átt rétt á ráðstöfunarfé. Þegar afplánun lýkur eða ef afplánun fer fram á áfangaheimili, t.d. Vernd eða með rafrænu eftirliti þarf að berast staðfesting frá Fangelsismálastofnun og greiðslur fara aftur í gang frá fyrsta degi útskriftarmánaðar eða við upphaf afplánunar á áfangaheimili.

- Sjá nánar um [ráðstöfunarfé vegna dvalar á stofnun](#)

Fjárhæðir og frítekjumörk

Örorku- og hlutaörorkulífeyrir samanstanda af örorku- eða hlutaörorkulífeyri og viðbótargreiðslum ef við á.

- Sjá nánar um [fjárhæðir örorkulífeyris frá 1. September 2025](#)
- Sjá nánar um [fjárhæðir hlutaörorkulífeyris frá 1.september 2025](#)

Fjárhæð fullra örorku- og hlutaörorkulífeyris skal lækka um 45% af eigin tekjum einstaklinga umfram frítekjumörk uns greiðslur falla niður. Uppfylli einstaklingur jafnframt skilyrði fyrir greiðslu heimilisuppbótar og aldursviðbótar skal samanlögð fjárhæð greiðslna lækka um 45% af tekjum umfram frítekjumörk.

- Sjá nánar um [frítekjumörk örorkulífeyris](#)
- Sjá nánar um [frítekjumörk hlutörorkulífeyris](#)

Tekjuáætlun

Þegar sótt er um örorkulífeyri þarf umsækjandi að skila inn tekjuáætlun til að fá greitt miða við réttindi sín. Einnig þarf að skila inn tekjuáætlun ef tekjur eða aðstæður einstaklingsins breytast.

Að meginreglu teljast til tekna allar skattskyldar tekjur:

- Atvinnutekjur
- Lífeyrissjóðstekjur
- Fjármagnstekjur
- Erlendar tekjur sem ekki eru taldar fram hér á landi



Eftirfarandi greiðslur teljast þó ekki til tekna:

- Greiðslur TR og virknistyrkur sem Vinnumálastofnun greiðir
- Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga
- Greiðslur úr viðbótarlífeyrissparnaði
- Lífeyrir almannatrygginga frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við, í samræmi við nánari ákvæði samninganna.

Tekjur maka hafa ekki áhrif á útreikning greiðslna nema fjármagnstekjur sem skiptast til helminga milli hjóna við útreikning greiðslna.

- Sjá nánar um [tekjuáætlun](#)

Almenna reglan er sú að tekjur sem koma til á greiðsluári teljast til tekna við útreikning á greiðslurétti alls ársins, 1/12 fyrir hvern mánuð. Ef tekna er til dæmis aflað fyrri hluta árs, er þeim dreift á alla 12 mánuði ársins. Þetta á ekki við um atvinnutekjur en heimilt er að telja atvinnutekjur til tekna einungis í þeim mánuði þegar þeirra er aflað.

Ef tekjur eru breytilegar yfir árið eða aðaltekjur eru greiddar annars staðar en frá Tryggingarstofnun er hægt að ósa eftir að fá greitt einu sinni á ári. Þá er greitt eftir að uppgjör liggur fyrir.

- Sjá nánar um [eina greiðslu á ári](#)
- Sjá nánar um [uppgjör og endurútreikning greiðsla frá Tryggingarstofnun](#)

Viðbótagreiðslur

Heimilisuppbót

Heimilisuppbót er viðbót við örorku- og hlutaörorkulífeyri. Hún er veitt þeim sem eru einhleypir eða einstæðir foreldrar barna sem eru yngri en 18 ára og búa á heimili umsækjanda eða búa með ungmönnum á aldrinum 18-25 ára sem eru í námi og eiga ekki kost á öðrum tekjum.

Heimilisuppbót er tekjutengd og lækkar samanlögð fjárhæð örorku- eða hlutaörorkulífeyris, heimilisuppbótar og aldursviðbótar ef við á um 45% af tekjum lífeyrisþega umfram frítekjumörk, uns hún fellur niður.



- Sjá nánar um [heimlisuppbót](#)

Aldursviðbót

Aldursviðbót er viðbót við örorku- og hlutaörorkulífeyrisgreiðslur. Hún er veitt þeim sem eru 18 til 24 ára, þegar annaðhvort skilyrði fyrir sjúkra- og endurhæfingargreiðslum voru fyrst uppfyllt eða þegar niðurstaða samþætts sérfræðimats, um að geta umsækjanda til virkni á vinnumarkaði var metin 50% eða minni, lá fyrst fyrir.

- Fjárhæð aldursviðbótar lækkar um 5% fyrir hvert ár eftir það fram að 44 ára aldri.
- Aldursviðbót er ekki greidd þeim sem eru 44 ára eða eldri við fyrsta örorkumat.

Aldursviðbót er tekjutengd og lækkar samanlögð fjárhæð örorku- eða hlutaörorkulífeyris, heimilisuppbótar og aldursviðbótar ef við á um 45% af tekjum lífeyrisþega umfram frítekjumörk, uns hún fellur niður.

- Sjá nánar um [aldursviðbót](#)

Barnalífeyrir

Barnalífeyrir er viðbót við örorku- og hlutaörorkulífeyri og greiðist með börnum undir 18 ára sem eru á framfæri einstaklinga með örorku- eða hlutaörorkulífeyri. Barnalífeyrir er ekki tekjutengdur.

- Sjá nánar um [barnalífeyri](#).

Barnalífeyrir vegna náms

Barnalífeyrir vegna náms eru greiðslur til ungmenna á aldrinum 18–20 ára sem stunda nám eða starfsþjálfun og uppfylla skilyrði til greiðslna.

- Sjá nánar um [barnalífeyrir vegna náms](#)



Örorkustyrkur

Örorkustyrkur var ætlaður einstaklingum sem metnir voru með skerta starfsgetu á bilinu 50-74% samkvæmt eldra örorkumati sem gert var fyrir 1. september 2025. Örorkustyrkur er ekki metinn í nýju kerfi. Örorkustyrkur er ekki ætlaður til framfærslu heldur sem stuðningur við þá sem bera verulegan aukakostnað vegna örorku sinnar, til dæmis vegna lyfja, læknishjálpar eða hjálpartækja.

- Örorkustyrkur fellur niður við ellilífeyrisaldur (67 ára).
- Sækja þarf sérstaklega um ellilífeyri fyrir einstaklinga sem eru með örorkustyrk.
- Þeir sem eru með börn undir 18 ára á sínu framfæri fá 75% af upphæð barnalífeyris með hverju barni.
- Sjá nánar um [Örorkustyrk](#)

Nytsamlegir hlekkir

- [Lög um almannatryggingar nr. 100/2007.](#)
- [Lög um félagslega aðstoð nr. 99/2007, 8., 9., og 10. gr.](#)
- [Lög um breytingar á lögum um almennatryggingar og lögum um félagslega aðstoð nr. 184/2023](#)
- [Reglugerð um sambætt sérfræðimat](#)
- [Skýrsla félags- og húsnæðismálaráðherra um undirbúning og innleiðingu sambætts sérfræðimats](#)
- [Spurt og svarað TR](#)